

**Mál nr. 411/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.**

**Stigi rann undan manni og hann slasaðist 18.9.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttengið 5.12.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 19.12.2016.
3. Athugasemd vegna M dags. 20.12.2016.

**Málsatvik.**

M var að fara nður í fiskeldiskar. Til að komast ofan í karið þurfti M að nota stiga og var stiganum haldið við karið með kaðli. Slaki var á kaðlinum sem varð til þess að stigin rann örlítið undan M þegar hann steig í stigan og við það féll M klovvega á karbríkina og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V og segir það í verkahring samstarfsmanns M að sjá um að festa stigan og þessi vanræksla samstarfsmannsins hafi leitt til slyssins og beri vinnuveitandinn S ábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið fullkunnugt um hversu mikilvægt það hefði verið að festa stigan sem rann til undir honum. Þá bendir V á reglur sem leggja þá skyldu á atvinnurekendur að tryggja það að lausa stiga sé hægt að festa og slíkur búnaður hafi verið fyrir hendi, en M ekki gætt þess að festa stigan, svo sem honum hafi borið, með fullnægjandi hætti. Ekki sé því um vanbúnað á vinnustað að ræða eða sök S að ræða starfsfólks S eða einhverjum sem S beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á vanbúnað á vinnustað sem leitt hafi til þess slyss sem hann varð fyrir. Í málinu liggur fyrir að allur búnaður var fyrir hendi til festa lausa stiga sem notaðir voru tryggilega. M bar að ganga úr skugga um að sá búnaður væri notaður svo sem ætlast var til og stigi tryggilega bundinn áður en hann notaði stigan. Þess gætti M ekki. Slys M verður ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað eða sakar S eða einhvers sem S ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.